



Félagsheimilið á Blönduósi ehf. FUNDUR – 5. september 2007

Fundur haldinn í stjórn Félagshemilísins á Blönduósi miðvikudaginn 5. september 2007 klukkan 16:30 í Félagshemilinu. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Viðhald Félagshemilísins.
2. Starfsmannamál.
3. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Viðhald Félagshemilísins.

Formaður setti fund og gaf Stefáni Árnasyni byggingarfulltrúa orðið. Hann sagði stjórnarmönnum frá athugunum sínum á leka á þaki og í veggjum og lagði fram greinargerð með hugmyndum um viðgerðir. Þórhallur Barðason lét bóka ánægju sína með greinargerðina.

Ljóst er að húsið liggur undir verulegum skemmdum verði það ekki klætt og þakið lagað. Stjórn tók þá ákvörðun að vísa málinu til bæjarstjórnar.

Byggingarfulltrúi lagði til að vinnuhópur yrði fenginn til að taka húsið út að utan og gera framkvæmdar- og kostnaðaráætlun í nánu samstarfi við stjórn félagsheimilísins.

2. Starfsmannamál.

Farið var yfir drög að ráðningarsamningi við nýjan húsvörð. Ákveðið var að gera úttektarskýrslu áður en nýr aðili tekur við.

3. Önnur mál.

Eins og oft hefur komið fram hefur tónlistarfólk á svæðinu viljað hafa flygilinn sem Lions og Kvenfélagið Vaka gáfu Félagshemilinu árið 1976 í kirkjunni til tónleikahalds o.fl. Stjórn Félagshemilísins er tilbúin að ganga til samninga við tónlistarfólk komi beiðni frá sóknarnefnd.

Fyrirspurnir hafa borist vegna leigu á fyrrum húsvorðaríbúð, erindinu er vísað til bæjarráðs.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 18:17.

Nína Margrét Pálmadóttir (sign.)
Erna Björg Jónmundsdóttir (sign.)
Þórhallur Barðason (sign.)

Kristín Guðjónsdóttir (sign.)